

Matsþættir veturinn 2017-2018

Anna Kristmundsdóttir, Helga Linnet

1.9.2018

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Matsteymi og þátttaka í innra mati.....	2
Matsþættir á starfi í Heilsuleikskólanum Holtakoti.....	3
Hugmyndafræði og gildi á vali matsþátta	3
Val á matsþáttum	4
Tenging við menntastefnu Garðabæjar	4
Tenging við skólanámskrá leikskólans.....	4
Leiðir að markmiðum	5
Framkvæmd.....	6
Hindranir og frávik.....	7
Það sem var gott.....	7
Það sem betur mátti fara	7
Umbótaáætlun	8
Lokaorð.....	8
Fylgiskjöl	8
Fylgiskjal 1	8
Heimildir	10

Inngangur

Með innra mati er okkur gert kleift að byggja upp ákvarðanir sem snúa að starfi leikskólans meðviðtað og formlega og skoða hvaða þættir eru þar sem leikskólinn stendur sig vel í og hvað má betur fara með hagsmuni barna að leiðarljósi.

Með því að setja innra mat af stað og fá rýnihópa innan leikskólans í lið er hægt að byggja upp reglulegt mat og taka ákvarðanir út frá því mati sem hefur verið tekið fyrir hverju sinni. Það auðveldar kennurum að rýna í spurningarnar „*hvað þarf ég að gera öðruvísi og hvert er næsta skref?*“

Starfsfólk geta ekki alltaf útskýrt svo auðveldlega hvað það er að gera hverju sinni og hvers vegna og vita að þeir gætu jafnvel gert betur og hafa faglega þörf fyrir að gera sífellt betur.

Með innra mati er þetta sjálfsmat gert meðvitað og formlegt, meðal annars með markvissum samræðum, skráningu og greiningu. Innra mat, sem grundvallast á samræðu og samvinnu fagmanna er valdeflandi fyrir þá sem taka þátt.

Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá og er sá grundvöllur sem er byggður á. Innra mat er viðvarandi verkefni og lýkur ekki þó svo að uppgjör með niðurstöðum og umbótaáætlun verði til árlega.

Matsteymi og þátttaka í innra mati

Innra mat er samvinnuverkefni allra starfsmanna og hafa allir starfsmenn möguleika á að leggja sitt af mörkum og koma með hugmyndir. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati en teymið sér um skipulagningu matsins og ber ábyrgð á framkvæmd matsins.

Matsteymið var valið af leikskólastjóra. Einn fulltrúi af hverri deild var valinn í rýnihópinum. Þar sem þetta var þróunarverkefni var það hugsað sem hvati til að umbuna starfsfólki fyrir sína þátttöku og eru því meiri líkur að fólk leggi sig meira fram af áráðni og áhuga. Einnig gæti þetta verið góð byrjun á innleiðingu á mati í leikskólum Garðabæjar.

Matsþættir á starfi í Heilsuleikskólanum Holtakoti

Þegar farið var af stað með innra mat þurfti að skoða nokkra þætti en þeir eru:

1. Skipulag matsins og ígrundum á hverju skal byrja
2. Gagnaöflun sett upp sjónrænt
3. Greining gagna, hvað gerir það fyrir skólann
4. Niðurstöður teknar saman og kannað hver er ávinningurinn
5. Umbótaáætlun gerð og framkvæmd, umbótum fylgt eftir og þær metnar.

Matskerfi leikskólans tengist við aðalnámskrá skólans með langtímaáætlun svo það sé ljóst hvaða þættir eru metnir svo hægt verði að bera saman árangur. Gert verður tímaáætlun þar sem ábyrgðaraðilar hafa sinn hluta hver til ábyrgðar.

Hugmyndafræði og gildi á vali matsþátta

Í Holtakoti er lögð áhersla á skapandi starf, leik barnanna og hreyfingu allt skólaárið. Þar sem samfélagið okkar breytist hratt, er sífelld mikilvægara að hreyfipjálfun barna sé sinnt, þar sem þau hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig. Í hreyfingu læra börnin að stjórna líkama sínum og því hvernig þau geta notað hann. Auk þess stuðlar öll hreyfing að andlegri og líkamlegri vellíðan. Ung börn eru mjög móttækileg fyrir því að læra um heilbrigðan lífsstíl sem er grunnur að góðu og heilbrigðu líferni seinna á lífsleiðinni. Þar sem við höfum heilsusamlegan lífsstíl að leiðarljósi leggjum við mikla áherslu á hollt mataræði þar sem börnin fá fjölbreyttan og hollan mat með áherslu á aukna neyslu grænmeti og ávaxta. Mikilvægt er að skapa börnum tækifæri til leiks á eigin forsendum. Í gegnum leikinn öðlast þau færni í mannlegum samskiptum sem eflir félagsþroska þeirra. Leikurinn er því kjarninn í öllu uppeldisstarfi leikskólans.

Leiðarljós Holtakots í allri vinnu er jákvæðni, öryggi og virðing. Jákvæðni stendur fyrir að vera reiðubúin/n að leggja sitt að mörkum með gleði og brosi á vör, bregðast jákvætt við allri hegðun og sjá það besta í öllum. Öryggi stendur fyrir þá tilfinningu að umhverfi okkar veiti okkur öryggi og vellíðan bæði andlega og líkamlega. Virðing stendur fyrir þá grundvallarskoðun að einstaklingar eru ólíkir og bera á virðingu fyrir hverjum og einum og skoðunum þeirra (Skólanámskrá Holtakots, 2014).

Val á matsþáttum

Matsteymi skólans settist niður til þess að hefja þá vinnu sem framundan er að gera mat á skólastarfi. Ákveðið var að byrja á því að fara yfir leikföng og efnivið leikskólans og laga hann að þeim stefnum sem við vinnum eftir. Sett var fram rannsóknarspurning sem unnin var eftir við framkvæmd matsins.

Rannsóknarspurningin: *Hvernig endurspeglar leikföng skólans þær stefnur sem við vinnum eftir?*

Þegar farið var að spyrjast fyrir um leikfangakost skólans upplifði starfsfólk skort á leikföngum í ákveðnum hópum og ofgnótt í öðrum. Einnig að lélegur búnaður væri blandaður með öðrum betri. Þetta helgast að nokkru af þeim árum sem mikill niðurskurður ríkti og engar fjárveitingar voru til endurnýjunar á efni og útbúnaði leikskólans. Eftir að öllu hafði verið safnað á einn stað í ákveðnum flokkum leikfanga sem við ákváðum að byrja á að hreinsa til í, var meira til en upplifun gaf til kynna fyrirfram og þar af leiðandi auðvelt að deila á allar deildar úr þeim hópum leikfanga.

Þessi atriði viljum við kanna betur veturinn 2018-2019 af nokkrum ástæðum.

Tenging við menntastefnu Garðabæjar

8. kafli – námsumhverfi

Námsumhverfi leikskóla þarf að henta fjölbreyttum hópum barna og starfsfólks. Umhverfið þarf að geta tekið breytingum og þróast með tilliti til þarfa og áhuga barnanna. Skipuleggja þarf þau svæði þar sem leikur og nám fara fram í litlum hópum og í rými þar sem börn geta verið í ró og næði og fengið svigrúm til að geta nýtt þann efnivið sem þar er að finna. Efniviður leikskólans þarf að vara margbreytilegur og þarf að höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri og því er mikilvægt að endurmeta og þróa leikefni reglulega. Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar til að örva börnin til rannsókna og kannana og því er mikilvægt að börn geti notað efniviðinn á fjölbreyttan hátt og byggt á sinni reynslu. Samspil rýmis og efniviðs þarf að vekja forvitni og ýta undir ímyndunarafl þeirra, hugmyndir, sköpunarkraft og tjáningu (aðalnámskrá leikskóla, 2012).

Tenging við skólanámskrá leikskólans

Við leggjum mikla áherslu á að börnin fái að njóta sín í hinum sjálfsprottna leik sem er barninu eðlilegur fyrstu ævírin. Ýmis reynsla barnsins og upplifanir úr daglegu lífi

endurspeglast í leiknum og er hann leið barnsins til að skilja raunveruleikann betur og átta sig á eigin tilfinningum. Leikurinn felur því í sér gífurlega fjölbreytt nám, þar sem barnið er á eigin forsendum, getur prófað sig áfram og öðlast nýja reynslu.

Í sjálfsprottnum leik er barn:

- sjálfrátt og sjálfstætt,
- stjórnandi og skapar leikinn úr eigin upplifunum og hugarfari,
- að taka ákvarðanir og leysa úr vandamálum,
- einbeitt, það gleymir stund og stað,
- upptekið af augnablikinu, það er ferlið sem skiptir máli,
- laust við utanaðkomandi reglur aðrar en þær sem það setur sjálft eða í samráði við leikfélagana,
- að efla alhliða þroska sinn,
- að læra að leika saman í sátt og samlyndi og deila leikföngum sín á milli (skólanámskrá Holtakots, 2014).

Leiðir að markmiðum

Haustið 2017 settist matsnefnd niður og tók ákvörðun um efnistöð eftir að hafa fengið hugmyndir frá öllum starfsmannahópum. Ákveðið var að endurmeta námsgögn sem er þá leikföng, búnaður og efniviður. Settur var matslisti hvernig við myndum meta þennan þátt. Þá settum við niður fyrir okkur hvað við myndum gera og hvernig. Farið var yfir hvaða búnaður hæfir okkar stefnum og straumum, skoðuðum hvað við ættum til og hvað okkur langaði að eignast.

Þegar við höfðum komist að samkomulagi um að skoða leikfanga og útbúnaðarkost leikskólans, vorum við fljótt sammála um að okkur langaði að hafa stefnur leikskólans að leiðarljósi við val og innkaup á leikfögnum og öðrum efnivið. Við viljum leggja áherslu á opin efnivið og efnivið sem er úr náttúrlegum efnum sem mundi styðja við þær stefnur sem við vinnum eftir. Þetta eru til dæmis leikföng sem efla hreyfifærni, bæði gróf og fínhreyfinga og leikföng sem efla færni til samskipta og leikja af fjölbreyttu tagi. Leikskólinn okkar er Heilsuleikskóli en þar sem lögð er áhersla á hreyfingu, skapandi starf og holla næringu. Skólinn okkar er Leikur að læra skóli sem felst í því að öll bókleg fög, til dæmis stafir, form, litir og tölur, eru kennd í gegnum hreyfingu og leiki. Að auki er unnið eftir

Uppbyggingarstefnunni en þar er áherslan á jákvæð samskipti barna, starfsfólks og foreldra, þvert á þessa hópa. Hvað viljum við sjá, finna og heyra í samkiptum og samveru þeirra. Skólinn okkar er líka Grænfánaskóli sem þýðir að við virðum umhverfi og náttúru og notum sem mest af varanlegu, náttúrulegu og endurvinnanlegu efni.

Framkvæmd

Leikföngum sem áður var misskipt um húsið voru flokkuð og skipt á milli deilda. Þessi háttur var hafður á með bíla, dýr og legó-dúbló kubba. Hver deild tók líka til í kössum og losaði sig við leikföng sem voru úr sér gengin og ekki hentug í okkar umhverfi.

Við funduðum í nefndinni með reglulegu millibili, í desember flokkuðum við bíla og dýr og skiptum upp á deildarnar, og komumst að því að nóg var til skiptanna í þessum tveim flokkum leikfanga. Í febrúar tókum við legó-dúpló kubba skiptum þeim í fjóra hluta og jöfnuðum einnig þá fylgihluti sem til voru. Þá sammældumst við jafnframt um að vera duglegri að skiptast á með aðrar kubbategundir sem til eru í húsinu. Þegar kassar með kubbum af ólíkum tegundum fara á milli deilda, eru þeir ferskari efniviður en ef þeir sitja til langs tíma á sömu deild. Þannig kviknar oft nýr leikur og úthaldið í leiknum eykst gjarnan. Allar deildar hafa svo verið að sortera frá úrsérgengna hluti og ónýta.

Eftir að hafa skoðað efniviðinn sem til er í húsi komumst við að þeim niðurstöðum að við höfum gott úval af föndurefni og litum en þurfum að muna eftir að nota verðlaust efni og endurnýta, við eigum margar tegundir kubba sem við þurfum að vera dugleg að láta ganga á milli til að börnin eigi kost á meiri fjölbreytileika í leik sínum. Við eigum ágætt úrval búninga og fatnað, skó og fylgihluti til að fara í hlutverk annarra. Eigum góðan útbúnað í sal sem má fá lánaðann inn á deildarnar til að vinna þar með hreyfingu. Nokkuð safn af bókum er til, sem þarfnast þó einhverrar endurnýjunar. Púsluspil fyrir eldri börnin eru mörg orðin slitin, en gott úrval er af trépússlum í góðu ástandi.

Yngri deildarnar eignuðust dýnur sem hafa hjálpað okkur að styrkja vinnu með hreyfingu inni á deildum. Þær hafa verið hvetjandi fyrir börnin að prófa sig sjálf áfram í hreyfingu og þoræfingum svo sem kollhnís, klifri og hoppi, en einnig eru gerð hús og farartæki úr þessum dýnum.

Á deildunum varð meiri leikur til en áður þegar fylgihlutir svo sem fólk, dýr og farartæki voru komin í meira mæli í kubbakassann og nýjar tegundir komu inn.

Hindranir og frávik

Verkefnið gekk vel framan af vetri, við settum niður fyrir okkur hvað við ætluðum að vinna að og flokkuðum fyrstu leikfangaflokkana. Höfðum punkta til að vinna eftir og ákváðum hvað við ætluðum að gera. Við vorum sammála í meginatriðum og gekk vel að vinna saman.

Vinnan hefði átt að vera markvissari og við duglegri að nota skráningar til að styðja við það sem við vorum að gera, þannig að við værum betur meðvituð um þær breytingar sem fylgdu aðgerðum okkar. Við sáum þó að börnin kunnu að meta nýjan efnivið sem voru þá til dæmis aðrar tegundir af kubbum en þau höfðu haft aðgengi að.

Þetta verkefni er langhlaup og ber okkur vonandi gæfa til að halda því vakandi og kaupa í framtíðinni inn nýjan efnivið eftir þeim markmiðum og óskum sem við höfum lagt fram og þannig smátt og smátt vinna að því að efniviðurinn uppfylli drauma okkar og styðji vel við þær stefnur sem við vinnum eftir í Holtakoti.

Áhugaverð heimsókn í leikskóla í Brighton í vor, sýndi okkur að hægt er að gera miklar breytingar á efnivið skóla. Þar var skipt um eigendur og rekstraraðila leikskólans og þeir nýju gengu mjög fast og ákveðið fram með sínar stefnubreytingar, þar sem m.a. öllum plast leikföngum var skipt út og inn kom efniviður úr náttúrulegum efnum sem studdi við þeirra nýju stefnu og þær áherslur sem hún kallaði eftir.

Það sem var gott

Að draga fram efnivið í salinn frá öllum deildum var mjög gott því þá sást það svo greinilega hvað var til og framboðið af sumum efnivið var alveg nóg en af öðrum var skortur. Starfsfólk varð meðvitaðara um hvað var til og allt var flokkað bæði aldurstengt og eftirNiður stefnu skólans.

Það sem betur mátti fara

Vera markvissari að henda hlutum sem voru kannski nothæfir en voru samt skemmdir á einn eða annan hátt.

Umbótaáætlun

Æskilegt er að fram fari umræðan í starfsmannahópum um skiptingu á leikföngum á milli deilda. Gera ætti yfirlitsblað hvað er til í húsi af efniviði þar sem starfmenn geta séð og þá sótt þau gögn á þær deildir sem efniviðurinn er staðsettur hverju sinni. Á þessu blaði ætti því hver deild að merkja við lán á leikföngum svipað og í bókasafnskerfi. Þannig eykst til muna aðgengi að fjölbreyttum efniviði fyrir allan aldurshóp.

Æskilegt er því að skoða fleiri leiðir til að meta nám og velferð barna.

Lokaorð

Verkefnið var hvetjandi og krefjandi í senn. Við sáum breytingar verða á leik barnanna á jákvæðan hátt. Sem hópur þurfum að aðlaga okkur betur nýjum leiðum við skipulag og úrvinnslu. Tímaleysi er fylgifiskur svona verkefna þar sem dagskrá skólans er frekar fullbókuð fyrir. Skrefin voru þó aðeins fram á við að okkar mati og er það gott og fjölgar vonandi í framtíðinni með æfingu og frekari framkvæmd og úrvinnslu.

Fylgiskjöl

Með fylgja myndir af verkefnum sem unnin hafa verið á þessu tímabili sem styðja við það verkefni sem unnið var.

Fylgiskjal 1

Matsþættir veturinn 2017-2018

Matsþáttur	Tenging við aðalnámskrá	Viðmið	Hver metur	Hvenær	Matsgögn	Framsetning á niðurstöðum
Leikföng	Heilsustefna	Leikföng hafi broskalegt gildi og tengingu við áherslur skólans	Starfsfólk leikskólans	Vor 2018	Leikföngum skipt í flokka eftir aldri	Leikföngin tengd við þá stefnu og gildi sem leikskólinn vinnur eftir
Matur	Heilsustefna	Matur sé unninn frá grunni eins og hægt er með viðmið um ráðlagða næringu frá landlæknisembættinu	Matráður og aðstoðarmaður matráðs	Vor 2018		
Listir	Heilsustefna	Börnin fái að þróa teikningar og öðlist formskynjun og hugrekki til að skapa sjálf	Starfsfólk leikskólans	Vor 2018	Myndum safnað saman yfir skólaárið	Myndir skoðaðar og sú þróun sem hefur átt sér stað yfir þann tíma og hvað þarf að bæta.
Hreyfing	Heilsustefna	Að börnin fari vikulega í skipulagða hreyfingu í sal	Íþróttakennari	Vor 2018	Útfyllingablöð í heilsubók barnsins	Íþróttakennari merkir við á þar til gert blað merkt hverju barni hvaða færni það hefur náð í íþróttum samkvæmt heilsubók barnsins
Leikur í gegnum nám	Leikur að læra	Að nám fari fram í gegnum hreyfingu og að vitsmunaleg markmið séu skýr fyrir hverja kennslustund	Deildarstjórar hverrar deildar	Vor 2018	Þau verkefni sem fylgja Leikur að læra pakkanum	Sjónræn uppsetning á viðfangsefni vikunnar þar sem börnin geta skoðað hvað er verið að vinna með hverju sinni
Umhverfisvernd	Grænfáni	Að börn og starfsmenn þekki og kunni flokkun samkvæmt reglum grænfánans	Deildarstjórar hverrar deildar	Vor 2018	Börnin látnin flokka og setja sjálf í viðeigandi flokkunartunnur. Eldri börn fari í heimsók í Sorpu	Flokkunarkassar staðsettir þar sem börnin flokka sjálf samkvæmt reglum grænfánans. Á hverjum flokkunarkassa er mynd af því sem á að fara í hann.
Uppbygging sjálfsagi	Uppeldi til ábyrgðar	Börnin þekki þarfirnar í uppbyggingarstefnunni og orðræðuna sem notuð er. Allar deildir geri sinn sáttmála	Starfsfólk deildanna	Vor 2018	Sáttmáli gerður á hverri deild um hvað þau vilja að deildin standi fyrir	Hengdur upp sáttmáli inn á hverri deild

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla (2012) sótt af: <https://www.gardabaer.is/leit?q=menntastefna>

Skólanámskrá Holtakots (2014) sótt af:

<http://www.holtakot.is/Skolastarfid/Skolanamskra>